

## Frumvarp til laga

**um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996, með síðari breytingum  
(fækkun lögregluumdæma, aðskilnaður embætta  
lögreglustjóra og sýslumanna, hæfiskröfur).**

(Lagt fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011–2012.)

---

1. gr.

Í stað orðanna „3. mgr.“ og „4. mgr.“ í 3. gr. laganna kemur: 4. mgr.; og: 5. mgr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. Við 2. mgr. bætist nýr liður, svohljóðandi: að annast framkvæmd bakgrunnsathugana og útgáfu öryggisvottana á grundvelli þeirra í samræmi við ákvæði laga. Við framkvæmdina er m.a. heimilt að afla upplýsinga úr skrám lögreglu og sakaskrá. Ríkislögreglustjóra er heimilt að fela lögreglustjórum framkvæmd bakgrunnsathugana og útgáfu öryggisvottana. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd bakgrunnsathugana, svo sem um málsmeðferð, tímafresti, heimild til að krefjast fíkniefnaprófs, skráningu í málaskrá og eftirlit með henni, kæruehilmild, gjaldtöku, o.fl.
- b. 4. mgr. orðast svo:  
Heimilt er að skipa aðstoðarríkislögreglustjóra sem er ríkislögreglustjóra til aðstoðar og er jafnframt staðgengill hans.

3. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Landið skiptist í átta lögregluumdæmi. Með lögreglustjórn fara lögreglustjórar sem hér segir:

1. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.
2. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum.
3. Lögreglustjórinn á Vesturlandi.
4. Lögreglustjórinn á Vestfjörðum.
5. Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra.
6. Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra.
7. Lögreglustjórinn á Austurlandi.
8. Lögreglustjórinn á Suðurlandi.

Umdæmismörk lögregluembætta skulu ákveðin með reglugerð að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og með hliðsjón af skipulagi annarrar opinberrar þjónustu í umdæminu.

Ráðherra ákveður í reglugerð hvar aðalstöð löggreglustjóra skuli vera. Ráðherra ákveður einnig í reglugerð að höfðu samráði við löggreglustjóra hvar varðstofur verði starfræktar.

Löggreglustjóri ákveður hvaða starfslið hans hefur aðsetur á aðalstöð og á varðstofum.

Við embætti löggreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum er heimilt að skipa aðstoðarlöggreglustjóra sem eru löggreglustjórum til aðstoðar. Aðstoðarlöggreglustjóri er staðgengill löggreglustjóra, sbr. þó 3. mgr. 28. gr. Öðrum löggreglustjórum er heimilt að ákveða að starfsmaður embættisins sé staðgengill hans enda fullnægi hann skilyrðum 2. mgr. 28. gr.

Löggreglustjórar fara með stjórn löggregluliðs, hver í sínu umdæmi. Þeir annast daglega stjórn og rekstur löggreglunnar í umdæminu og bera ábyrgð á framkvæmd löggreglutarfa innan þess.

Störf löggreglu skulu samhæfð og samræmd eftir því sem við verður komið. Ráðherra setur nánari reglur um fyrirkomulag og samvinnu löggreglu.

Löggreglustjórar fara með yfirstjórn leitar- og björgunaraðgerða í landi. Um björgun sem heyrir undir skipulag almannavarna gilda sérstök lög. Ráðherra setur reglur um samstarf löggreglu og björgunarsveita.

#### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

- Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ráðherra setur, samkvæmt tillögu ríkis-saksóknara, nánari reglur um stjórn löggreglurannsókna og samvinnu löggreglustjóra við rannsókn sakamála.
- 2., 3., 4. og 5. mgr. falla brott.

#### 5. gr.

Í stað orðsins „aðstoðarríkislöggreglustjórar“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: aðstoðarríkis-löggreglustjóri.

#### 6. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Í hverju löggreglumdæmi skal starfa ein eða fleiri samstarfsnefndir um málefni löggreglunnar. Í samstarfsnefnd skulu sitja löggreglustjóri viðkomandi löggreglumdæmis, sem jafnframt er formaður hennar, og sveitarstjórar þeirra sveitarfélaga sem eru í löggreglumdæminu eða eru á því svæði þar sem nefndin starfar. Fundi skal halda eigi sjaldnar en tvísvar á ári.

#### 7. gr.

1.–4. mgr. 28. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar til fimm ára í senn ríkislöggreglustjóra og löggreglustjóra. Ráðherra er heimilt að skipa aðstoðarríkislöggreglustjóra, sbr. 4. mgr. 5. gr., og aðstoðarlöggreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum, sbr. 5. mgr. 6. gr.

Ríkislöggreglustjóri, aðstoðarríkislöggreglustjóri, löggreglustjórar, aðstoðarlöggreglustjórar sem eru staðgenglar löggreglustjóra og skólastjóri Lögregluskóla ríkisins skulu auk almennra hæfisskilyrða til þess að hljóta skipun í embætti á vegum ríkisins jafnframt fullnægja eftir-toldum skilyrðum:

- Hefur náð 30 ára aldrí.
- Hefur íslenskan ríkisborgararétt.
- Er svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu.

- d. Er lögráða og hefur aldrei misst forræði á búi sínu.
- e. Hefur hvorki gerst sekur um refsivert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningsáliti né hafa sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem löggreglustjórar verða almennt að njóta.
- f. Hefur lokið fullnaðarprófi í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður jafngilt.

Nú eru fleiri en einn aðstoðarlöggreglustjóri við embætti og skal þá einn þeirra vera staðengill löggreglustjóra. Þeir aðstoðarlöggreglustjórar sem ekki eru staðenglar löggreglustjóra skulu fullnægja skilyrðum a-e-liða 2. mgr. til skipunar í embætti, en eftirtalin skilyrði gilda um menntun og starfsreynslu þeirra:

- a. Hefur lokið fullnaðarprófi í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi, eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður jafngilt, eða lokið námi frá Löggregluskóla ríkisins svo og stjórnunarnámi eða öðru sambærilegu námi.
- b. Hefur í þrjú ár gegnt lögfræðistörfum að aðalstarfi eða verið stjórnandi innan löggreglunnar, en leggja má saman starfstíma í þessum greinum.

Ríkislöggreglustjóri skipar yfirlöggregluþjóna og aðstoðaryfirlöggregluþjóna til fimm ára í senn. Löggreglustjóri skipar aðra löggreglumenn til starfa innan síns embættis með sama hætti. Hver sá sem er skipaður löggreglumaður skal hafa lokið prófi frá Löggregluskóla ríkisins. Til að staðreyna hvort viðkomandi uppfyllir skilyrði e-liðar 2. mgr. er löggreglu heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrám löggreglu. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um starfsstig innan löggreglunnar.

#### 8. gr.

Á eftir 28. gr. laganna kemur ný grein, 28. gr. a, sem orðast svo:

Engan má skipa, setja eða ráða til starfa hjá löggreglu nema hann hafi hvorki gerst sekur um refsivert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem starfsmenn löggreglu verða almennt að njóta. Til þess að staðreyna þetta er löggreglu heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrám löggreglu. Skal skoðun á því hvort starfsmenn uppfylli þetta skilyrði gerð með reglulegu millibili og eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

#### 9. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 2. mgr. 37. gr. laganna kemur: ríkislöggreglustjóri.

#### 10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna:

- a. Við b-lið 2. mgr. bætist: né hafa sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem löggreglumenn verða almennt að njóta.
- b. Í stað orðanna „Sýslumannafélagi Íslands“ í 3. mgr. kemur: Löggreglustjórafélagi Íslands.
- c. Við 5. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Til að staðreyna hvort viðkomandi uppfylli skilyrði b-liðar 2. mgr. er valnefnd heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrám löggreglu.

#### 11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2015. Ákvæði 1., 2., 5., 6., 7., 8., 9., 10. og 12. gr. og ákvæði I, II og III til bráðabirgða öðlast þó þegar gildi.

12. gr.  
*Breytingar á öðrum lögum.*

Við gildistöku laga þessara breytast eftirfarandi ákvæði laga sem hér segir:

1. *Lög um verslunarvatninnu, nr. 28/1998:* Í stað orðsins „lögreglustjóra“ í 1. mgr. 19. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í greininni kemur, í viðeigandi beygingarfalli og tölu: sýslumaður.
2. *Áfengislög, nr. 75/1998:*
  - a. Í stað embættisheitsins „lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu“ í 1. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr. og „lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu“ í 1. mgr. 25. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: sýslumanns.
  - b. Í stað orðsins „lögreglustjóra“ í 3. mgr. 11. gr. og „lögreglustjóri“ í 2. mgr. 25. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: sýslumann.
3. *Lög um veitingastaði, gistiði og skemmtanahald, nr. 85/2007:* 3. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:  
Leyfisveitendur samkvæmt lögum þessum eru sýslumenn.
4. *Lög um opinberar fjársafnanir, nr. 5/1977:* Í stað orðsins „lögreglustjóra“ tvívegis í 1. og 2. mgr. 3. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: sýslumann.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

**I.**

Ráðherra skal skipa verkefnisstjórn sem hefur með höndum undirbúning þeirra breytinga sem lög þessi mæla fyrir um samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Við samþykkt laganna og fram til 1. janúar 2015 er ráðherra heimilt að undirbúa stofnun nýrra lögregluembætta, sbr. 3.–8. tölul. 1. mgr. 3. gr., laga þessara, m.a. með setningu þeirra reglugerða um skipulag allra lögregluembætta sem kveðið er á um í 3. gr. Við gerð þeirrar reglugerðar þarf ekki að gæta að ákvæðum 6. gr. lögreglulaga, sbr. 2. gr. laga nr. 92/1989, um framkvæmdavalda ríkisins í heraði. Þegar lög þessi öðlast gildi, skal sú reglugerð sem hér er kveðið á um, eiga stoð í 3. gr. laga þessara. Þá skal ráðherra einnig heimilt að taka ákvörðun um skipun eða flutning lögreglustjóra í nýjum lögregluembættum, sbr. 36. gr. laga nr. 70/1996, sem hafi heimild til þess að undirbúa starfsemi hinna nýju embætta, þ.m.t. starfsmannahald. Skulu ný embætti taka við þeim réttindum og skyldum sem einstaka lögreglustjórar hafa áunnið sér, þ.m.t. samkvæmt ákvæðum laga nr. 70/1996.

Skipun lögreglustjóra í hinum nýju embættum tekur formlega gildi 1. janúar 2015. Þeir sem við samþykkt laga þessara eru starfandi lögreglustjórar, og kjósa að sækjast eftir nýju embætti skulu njóta forgangs til skipunar í hin nýju embætti lögreglustjóra skv. 3. gr. laga þessara en embætti skv. 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. nágildandi lögreglulaga, nr. 90/1996, verða lögð niður. Í þeim tilvikum þar sem lögreglustjórar hljóta ekki skipun í ný embætti lögreglustjóra skal leitast við að bjóða þeim störf hjá embættum lögreglu eða sýslumanna eða að öðrum kosti störf annars staðar á umsýslusviði þess ráðuneytis sem fer með lögreglu- og löggæslumálefni. Við ráðstöfun starfa eða embætta samkvæmt þessu ákvæði þarf ekki að gæta að skyldu til þess að auglýsa laus störf til umsóknar, sbr. 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þeir sem skipaðir eru lögreglustjórar skulu eiga þess kost að lýsa því yfir að þeir muni ekki sækjast eftir nýjum embættum lögreglustjóra samkvæmt lögum þessum og hefja þeir þá töku biðlauna samkvæmt ákvæði 34. gr. laga nr. 70/1996 þegar embætti þeirra hefur verið lagt niður samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Ákvæðið öðlast þegar gildi og fellur úr gildi 1. janúar 2015.

## II.

Ný embætti lögreglustjóra samkvæmt lögum þessum taka við öllum réttindum, eignum og skyldum þeirra lögregluembætta sem þau leysa af hólmi, þó ekki hvað varðar þjónustu sýslumanna, sbr. frumvarp til laga um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði. Eftir að skipulag embætta hefur verið ákveðið, sbr. ákvæði til bráðabirgða I í lögum þessum, skulu lögreglumenn sem skipaðir eru hjá embættum sem lögð verða niður hljóta skipun hjá nýjum lögregluembættum. Þá skal bjóða öllum starfsmönnum þeirra embætta sem lögð verða niður störf, ýmist hjá hinum nýjum embættum lögreglustjóra eða sýslumannsembættum, samkvæmt frumvarpi því sem lagt hefur verið fram til laga um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði. Ef ekki er unnt að bjóða núverandi starfsmanni starf hjá nýjum embættum lögreglustjóra eða sýslumanna skal leitast við að bjóða þeim starf annars staðar á umsýslusviði þess ráðuneytis sem fer með löggreglu og löggæslumálefni. Viðkomandi embættismaður eða starfsmaður kann þó að þurfa að hlíta breytingum á embætti eða starfi eða starfsstigi vegna skipulagsbreytinga eða sem leiðir af sameiningu embætta í hverju umdæmi og með hliðsjón af nýju skipuriti.

Ný embætti skulu taka yfir réttindi og skyldur sem starfsmenn hafa áunnið sér, en um réttindi og skyldur löggreglu eða starfsmanna vegna skipulagsbreytinganna fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um skyldu til þess að auglýsa laus störf til umsóknar eiga hins vegar ekki við um ráðstöfun starfa eða embætta samkvæmt þessu ákvæði.

Ákvæðið öðlast þegar gildi og fellur úr gildi 1. janúar 2015.

## III.

Þrátt fyrir gildistökuákvæði 11. gr. laga þessara og ákvæði 6. gr. löggreglulaga, sbr. 2. gr. laga nr. 92/1989, um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, er ráðherra heimilt, sé slíkt unnt, að sameina embætti lögreglustjóra í einstaka umdæmi í samræmi við það skipulag sem kveðið er á um í 3. gr. laga þessara, að gættum ákvæðum til bráðabirgða I-II í lögum þessum. Skulu þá embættin vera formlega sameinuð frá þeim tíma og skipun lögreglustjóra tekur þá jafnframt gildi. Kveðið skal á um slíkt í reglugerð.

Ákvæðið öðlast þegar gildi og fellur úr gildi 1. janúar 2015.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförnum áratugum hafa verið gerðar viðamiklar breytingar á skipulagi löggæslunnar. Má í þessu sambandi nefna:

1. Aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði árið 1992 sem fól í sér að lögreglustjórar fóru ekki lengur með dómsvald.
2. Stofnsetningu embættis ríkislöggreglustjóra árið 1996 en samhliða því var Rannsóknar-löggregla ríkisins lögð niður.
3. Tiltærslu ýmissa verkefna til embættis ríkislöggreglustjóra auk nýrra verkefna hjá embættinu.
4. Sameiningu og fækkun lögreglustjóraembætta úr 25 í 15 árið 2007.
5. Með breytingu á tollalögum, nr. 88/2005, sem tók gildi 1. janúar 2007, var landið gert að einu tollumdæmi og tollstjórn aðskilin frá lögreglustjórn.

Nefnd dómsmálaráðherra sem skipuð var til að meta árangur af skipulagsbreytingum sem tóku gildi 2007 komst að þeirri niðurstöðu á árinu 2008 að árangur af nýskipan löggreglumála hefði verið góður. Nefndin lagði fram ýmsar ábendingar, meðal annars um að breytingin á

skipulagi lögreglunnar 2007 hefði ekki verið nægilega róttæk til þess að tryggja sem besta nýtingu mannafla innan lögreglunnar alls staðar á landinu. Sum lögreglulið væru mjög fámenn, hlutfall stjórnenda væri í velflestum liðum hátt og markmið um sérstakar rannsóknardeildir hefði ekki fyllilega gengið eftir. Taldi nefndin að meiri stækkun löggregluembætta gæti enn aukið slagkraft lögregluliða til að markmiðunum, sem sett voru með breytingunum 1. janúar 2007, yrði náð.

Í ljósi góðrar reynslu af fækkun löggregluumdæma var ákveðið á árinu 2009 að fara yfir stofnanauppbýggingu innan lögreglunnar, ásamt umdæma- og verkefnaskiptingu. Slík endurskoðun þótti brýn í ljósi erfiðra aðstæðna í fjármálum ríkisins og leita þurfti leiða til að þeir fjármunir sem veittir væru til löggæslu nýttust sem allra best. Markmið endurskoðunarinnar var ekki síst það að komast hjá því að vegið yrði að grunnþjónustu lögreglunnar með því að leita skynsamlegra leiða til þess að mæta lægri fjárveitingum með hagræðingu fremur en niðurskurði þjónustu.

Dómsmálaráðherra skipaði 15. júní 2009 starfshóp til að vinna að þessu verkefni. Í hópinn voru skipuð þau Haukur Guðmundsson, skrifstofustjóri dómsmála- og löggæsluskrifstofu, sem jafnframt var formaður, Arnar Guðmundsson, skólastjóri Löggregluskóla ríkisins og Ásdís Ingibjargardóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu ráðherra. Skúli Þór Gunnsteinsson, lögfræðingur á dómsmála- og löggæsluskrifstofu, var ritari starfshópsins. Starfshópnum var falið að:

- Leggja fram tillögur að breytingum eða nýju skipulagi, sem hefði það að markmiði að styrkja og efla starfsemi lögreglu, auk þess að bæta nýtingu þeirra fjármuna sem til embættanna væri varið.
- Taka til skoðunar verkaskiptingu á milli embætta, stofnanauppbýggingu innan lögreglunnar, tengingu lögreglu við sýslumenn og önnur verkefni sýslumanna og breytingar á verksviði lögreglu, t.d. varðandi ákærvald og leyfisveitingar.
- Leita eftir skoðunum og tillögum um skipulag löggæslunnar innan lögreglunnar og eftir atvikum frá öðrum þeim sem láta sig löggæslumál varða.
- Hafa til hliðsjónar skýrslu nefndar um mat á breytingum á nýskipan lögreglu sem unnin var á vegum ráðuneytisins í apríl 2008.

Starfshópurinn átti fjölmarga fundi m.a. með löggreglustjórum, Landssambandi löggreglumann, Félagi yfirlöggregluþjóna, Félagi rannsóknarlöggreglumanna, Löggreglustjórafélagi Íslands, Félagi ákærenda, ríkssaksóknara, sérstökum saksóknara, tollstjóra og stjórn Sýslumannafélagsins og var tilgangurinn að fá fram sjónarmið allra þessara aðila um fyrirhugaðar breytingar. Skilaði starfshópurinn skýrslu 22. október 2009, sem höfð var til hliðsjónar við samningu frumvarps þessa. Var það eindregin niðurstaða starfshópsins að stækka þyrfti löggregluumdæmin frá því sem nú er, auk þess sem hafa yrði til hliðsjónar hugmyndir sem fram kæmu í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá október 2006 um að ríkislöggreglustjóri ætti fyrst og fremst að sinna verkefnum sem lúta beint að stjórnun, stjórnsvýslu og miðlægri þjónustu og verkefnum á sviði öryggismála. Þá komst starfshópurinn enn fremur að þeirri niðurstöðu að yfirmenn innan lögreglunnar væru of margir og því væri hugsanlegt að ná fram töluverðum sparnaði með hagræðingu innan lögreglunnar án þess að slíkt kæmi að fullu fram í skertri löggæslu.

Á grundvelli framangreindra niðurstaðna ákvað þáverandi dómsmálaráðherra, Ragna Árnadóttir, að unnið skyldi að tillögum um stækkun löggregluumdæma í landinu og þau myndu síðan lúta stjórn eins löggreglustjóra á landsvísu. Óskaði ráðherra eftir því við Kjartan Þorkelsson, þáverandi formann Löggreglustjórafélags Íslands, og Snorra Magnússon, formann

Landssambands löggreglumanna, að þeir tækju þátt í að útfæra hugmyndir starfshópsins. Þegar leið á vinnuna var það mat hópsins að ekki væri unnt að ráðast í að sameina alla löggregluna í eina stofnun á svo skömmum tíma að það mundi hjálpa löggreglunni við að mæta lækkuðum fjárveitingum. Á hinn bóginn væri skynsamlegt að sameina löggregluembættin strax í 6–8 embætti, enda lá fyrir að viðbrögð við þessum hugmyndum voru fremur jákvæð þegar þær voru settar fram árið 2008. Sú skipting studdist m.a. við sjónarmið um að löggreglu-lið ættu helst ekki telja færri en 30–50 löggreglumenn til að þau geti verið sjálfþær að sem allra mestu leyti um helstu verkefni. Þá hefur verið horft til þeirrar svæðaskiptingar sem rædd hefur verið í stefnumótunarnefnd ríkisins um svæðaskiptingu landsins. Frumvarp byggt á framangreindum tillögum var lagt fram á 138. löggjafarþingi 2009–2010 en náði ekki fram að ganga.

### **Meginefni frumvarpsins.**

Frumvarpið er nú lagt fram á ný nokkuð breytt en byggist að meginstefnu til á frumvarpi því sem framangreindur starfshópur dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins skilaði til ráðuneytisins og var lagt fram á 138. löggjafarþingi vorið 2010. Í frumvarpi þessu er lagt til að löggregluembættin verði átta talsins í stað sex. Dregið hefur verið úr þeirri áherslu sem var á að fára verkefni frá ríkislöggreglustjóra til einstakra löggreglustjóra. Með þeirri tillögu sem hér er lögð til felst að fallið hefur verið frá því að sameina alla löggregluna á Íslandi í eina stofnun, en markmiðið er þó að löggreglan vinni í auknum mæli saman sem ein heild. Umdæmismörk verði ekki lögþundin heldur ákveðin með reglugerð að höfðu samráði við viðkomandi löggreglustjóra og Samband íslenskra sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að ný og sameinuð embætti taki til starfa 1. júlí 2015.

Með framlagning frumvarps þessa er fylgt þeirri meginstefnu sem hefur verið framkvæmd undanfarna áratugi í skipulagi löggreglunnar og réttarvörlukerfisins. Skref fyrir skref hefur sérhæfing aukist og einstakar stofnanir orðið öflugri. Fyrir tuttugu árum var löggæsla utan Reykjavíkur á hendi riflega tuttugu embætta sem jafnframt sinntu störfum sýslumanna og dómara. Sjálfstæði dómsvaldsins og uppbygging héraðsdómstóla fólk í sér stórt framfaraskref. Hið sama gildir um þá stækkun löggregluumdæma sem framkvæmd var 2007.

Meginatriði frumvarpsins eru þessi:

### **1. Stofnanabreytingar.**

Lagt er til að löggregluumdæmin verði átta í stað 15 eins og nú er og gert ráð fyrir aðskilnaði á embættum löggreglustjóra og sýslumanna.

Fyrir þessari breytingu eru bæði fagleg og fjárhagsleg rök. Með stækkun löggregluumdæma er stefnt að því að standa vörð um grunnþjónustu löggreglunnar og auka samhæfingu og samstarf innan hennar um allt land. Fækkun og stækkun löggregluliða skapar forsendur til þess að löggreglustjórar vinni saman með mun nánari hætti en nú er gert í þeim tilgangi að stuðla að aukinni samhæfingu löggregluliða um allt land. Í ársbyrjun 2007 tóku gildi breytingar á skipulagi löggreglunnar sem áttu sér langan aðdraganda. Þær fólust einkum í stækkun umdæma. Það er niðurstaða innanríkisráðherra að þótt þessar breytingar hafi að mörgu leyti gengið vel sé nauðsynlegt að ganga lengra til að settum markmiðum verði náð. Þá niðurstöðu styðja tvær úttektir, annars vegar skýrsla sú sem nefnd var hér í upphafi frá því í október 2009 og hins vegar ítarleg skýrsla matsnefndar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá því í apríl 2008, sem unnin var á vegum þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra. Enn fremur hefur

sá niðurskurður sem löggreglan hefur gengið í gegnum frá árinu 2008 gengið mjög næri lög-gæslunni í landinu.

Markmið breytinganna er að gera löggreglunni kleift að sinna lögbundnum skyldum sínum þrátt fyrir þann niðurskurð sem hún hefur gengið í gegnum á undanförunum árum og fyrirsjáanlegt aðhald í ríkisfjármálum á næstu árum. Með stærri rekstrareiningum undir stjórn löggreglustjóra sem sinnir eingöngu stjórn löggreglunnar innan síns umdæmis er unnt að ná meiri hagkvæmni í rekstri en raunhæft er að miða við í mjög fámennum löggregluliðum. Er gert ráð fyrir að samhliða lagabreytingunni verði gerð ný skipurit embætta með það fyrir augum að draga úr kostnaði við yfirstjórn.

Gert er ráð fyrir að frumvarp þetta hvað varðar stofnanabreytingar á löggreglunni taki gildi 1. janúar 2015. Að hluta er gert ráð fyrir að frumvarpið taki gildi varðandi aðra þætti við samþykkt laganna. Frá samþykkt laganna þarf að vinna að nánari útfærslu á fjárhagsramma einstakra nýrra embætta í þess ráðuneytis sem fer með löggreglu- og löggæslumálefni. Meðal annars þarf að taka mið af útfærslu þátta eins og meginkipulags, endurskoðun starfsstiga, áhrifa tilfærslu verkefna o.fl. Einnig þarf að útfæra fjárhagslegan aðskilnað löggregluembætta og sýslumannsembætta, en gert er ráð fyrir að þar sem embættismenn færist úr störfum sýslumannna inn á hin nýju löggregluembætti muni sýslumenn í aðliggjandi sýslumannsumdænum verða settir til að fara með þau embætti sem þannig losna. Nauðsynlegt er að skipa sérstaka verkefnisstjórn til að stýra breytingaferlinu, samræma framkvæmd og styðja löggreglustjóra við uppbyggingu viðkomandi embætta. Einnig er gert ráð fyrir að verkefnisstjórnin stýri tilfærslu verkefna. Í verkefnisstjórninni ættu að eiga sæti fulltrúar ráðuneytisins, ríkislöggreglustjóra, löggreglustjóra og löggreglumannna. Þá má gera ráð fyrir að undir verkefnisstjórnina yrðu settir undirhópar til að aðstoða verkefnisstjórnina við innleiðingu á tilteknun verkefnum til að tryggja samræmingu í uppbyggingu nýju embættanna. Verkefnisstjórnin mun þurfa að útfæra samrunaáætlun en það er verk-, tíma- og kostnaðaráætlun um framkvæmd lagabreytinganna. Í áætluninni verði fjallað um það sem þarf að gera á hverjum tíma í innleiðingarferlinu og hve miklum tíma og fjármunum verður varið til verksins. Í þessum undirbúningi felst að móta meginstefnu um uppbyggingu, skipulag og viðfangsefni löggregluembætta. Undir það falla þættir eins og gerð skipurita, staðsetning starfsstöðva, húsnæði, breytingar á starfsmannahaldi, endurmat starfsstiga og áætlun um tilfærslu verkefna. Eitt lykilverkefni í þessu sambandi er greining og útfærsla aðskilnaðar löggregluembætta og sýslumannsembætta.

Það er einn lykilþáttur í árangri breytinga að til nýrra stofnana ráðist hæfir og reyndir stjórnendur. Mikilvægt er að tryggja samfellu þannig að þeir stjórnendur sem veljast til starfa hafi þekkingu á löggreglustjórn og því löggæslusvæði sem þeir taka við eða sambærilegum svæðum. Eðlilegt þykir að þeir menn sem starfa sem löggreglustjórar í dag njóti forgangs til áframhaldandi starfa við löggreglustjórn. Er til hagræðis að líta fyrirfram á þá alla sem umsækjendur um störf löggreglustjóra fremur en að auglysa sérstaklega eftir umsóknum þeirra, en brýnt er að fjárhagsleg og fagleg ábyrgð á nýjum embættum verði skýr sem allra fyrst. Er því gert ráð fyrir að ráðherra geti beitt flutningsheimildum til að raða núverandi löggreglustjórum til starfa á nýjum embættum. Allt að einu er þó gert ráð fyrir að gæta verði sömu sjónarmiða og ella um mat á hæfni þeirra sem sækjast eftir sömu störfum.

Rétt er að undirstrika að gert er ráð fyrir að ný löggregluembætti taki við öllum réttindum og skyldum þeirra embætta sem nú eru fyrir. Þar á meðal munu embættin taka við öllum starfsmönnum á sömu kjörum og áður að undanskildum löggreglustjórunum sjálfum. Um starfslok þeirra gilda ákvæði starfsmannalaga um niðurlagningu stöðu. Gert er ráð fyrir því að embættin muni að mestu starfa í óbreyttu formi þar til nýtt skipulag þeirra tekur gildi 1.

janúar 2015. Sá tími frá því að löggreglustjórar verða skipaðir við ný embætti og þangað til hin nýju embætti taka til starfa verður nýttur til að móta alla meginþætti starfsemi nýrra embætta. Gert er ráð fyrir því að verkefnahópar starfsmanna fái mikilvæg hlutverk í þessu sambandi og að fyrrgreind verkefnisstjórn hafi yfirsýn en sá sem ákvörðun hefur verið tekin um að verði löggreglustjóri í nýju embætti beri þó höfuðábyrgð á sínu embætti. Meðal viðfangsefna sem vinna þarf að má nefna stefnumótun, skipurit, fjárhagsáætlun, húsnæðismál, starfsmannamál, vaktaskipulag og fyrirkomulag ýmissa verkefna. Starfsmannamál eru lykilatriði í breytingaferli sem þessu. Skipulagsbreytingar, fækkun yfirmanna og hugsanlega annarra starfsmanna fela óhjákvæmilega í sér röskun á högum margra starfsmanna löggreglunnar. Við framkvæmd breytinga þarf að huga að því að lágmarka þessa röskun og reyna að takmarka uppsagnir eins mikið og hægt er. Veita þarf starfsmönnum þá aðstoð sem þeir þurfa að halda og tryggja þeim lögfræðilega ráðgjöf varðandi réttindi og skyldur vegna breytinganna.

## **2. Bakgrunnsathuganir.**

Í öðru lagi er lagt til að kveðið verði með skýrum hætti á um hvaða aðili innan löggreglukerfisins annist bakgrunnsskoðanir og útgáfu öryggisvottana kveði sérlög á um að veiting starfa eða aðgangur að aðstöðu eða upplýsingum sé háð útgáfu öryggisvottunar að undangenginni bakgrunnsathugun. Þannig annist embætti ríkislöggreglustjóra bakgrunnsathuganir og útgáfu öryggisvottana en embættinu yrði heimilt að fela löggreglustjórum að annast þetta verkefni.

## **3. Hæfisskilyrði.**

Í þriðja lagi er lagt til að í samstarfsnefnd lögreglu og sveitarfélaga sem nú starfar sitji sveitarstjórar í þeim sveitarfélögum sem eru innan umdæmisins í stað þeirra sem nú sitja í henni, þ.e. löggreglustjóri viðkomandi umdæmis sem jafnframt er formaður nefndarinnar og tveir sveitarstjórnarmenn tilnefndir af hálfu sveitarstjórna þeirra sveitarfélaga sem eru í löggregluumdæminu. Er talið skilvirkara að hafa sveitarstjórana sjálfa í nefndunum.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Hér er lögð til leiðréttung á tilvísun til 4. og 5. mgr. 28. gr. til samræmis við ákvæði frumvarps þessa.

Um 2. gr.

Í a- lið er lagt til að kveðið verði með skýrum hætti á um hvaða aðili innan löggreglukerfisins annist bakgrunnsskoðanir og útgáfu öryggisvottana kveði sérlög á um að veiting starfa eða aðgangur að aðstöðu eða upplýsingum sé háð útgáfu öryggisvottunar að undangenginni bakgrunnsathugun. Þannig annist embætti ríkislöggreglustjóra bakgrunnsathuganir og útgáfu öryggisvottana en embættinu yrði heimilt að fela löggreglustjórum að annast þetta verkefni.

Eðli sumra starfa er slíkt að löggjafinn hefur ákveðið að setja heimildir til handa lögreglu að bakgrunnsathuga þá einstaklinga sem til þeirra veljast í þeim tilgangi að staðreyna að trúverðugleiki þeirra verði ekki dreginn í efa með réttu. Þannig er í 70. gr. c loftferðalaga, nr. 60/1998, með síðari breytingum, kveðið á um bakgrunnsathuganir á þeim sem eiga að hafa aðgang að haftasvæði flugverndar og aðgengi að upplýsingum um framkvæmd og eftirlit flugverndar. Þá er í 24. gr. varnarmálalaga, nr. 34/2008, með síðari breytingum, kveðið á um framkvæmd bakgrunnsathugana og útgáfu öryggisvottunar starfsmanna þeirra stofnana sem

annast verkefni samkvæmt varnarmálalögum. Það skal tekið fram að ákvæði sérlaga, svo sem varnarmálalaga sem kveða á um það að utanríkisráðuneytið gefi út öryggisvottanir en ekki löggreglan halda gildi sínu á grundvelli almennra lögskýringasjónarmiða.

Í bakgrunnsathugun felst að löggregla skoðar feril þess einstaklings sem um ræðir, svo sem sakavottorð, upplýsingar úr málaskrá löggreglu, alþjóðlegum gagnagrunnum, frá tolyfirvöldum, úr þjóðskrá o.fl. Þetta er gert með það að markmiði að kanna hvort eitthvað í fortíð viðkomandi einstaklings sé til þess fallið að draga trúverðugleika hans í efa þannig að varhugaverð kunni að vera að fela honum tiltekið starf eða veita honum ákveðna aðstöðu.

Um málsmeðferð löggreglu við framkvæmd bakgrunnsathugana og útgáfu öryggisvottunar gilda ákvæði stjórnsýslulaga. Gengið er út frá því að löggregla upplýsi einstakling sem sætir bakgrunnsathugun og þann sem óskar eftir öryggisvottun tiltekins einstaklings lögum samkvæmt um niðurstöðu athugunar eins fljótt og kostur er.

Gert er ráð fyrir því að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd bakgrunnsathugana, svo sem um málsmeðferð, tímafresti, mat á afbrottaferli, heimild til að krefjast fíkniefnaprófs, skráningu í málaskrá og eftirlit með henni, kæruheimild, gjaldtöku, o.fl. Til að fyrirbyggja að einstaklingur sem hlotið hefur öryggisvottun löggreglu á grundvelli bakgrunnsathugunar, geti haldið áfram trúnaðarstörfum sínum eftir að hafa brotið af sér samkvæmt ákvæðum laga, er talið æskilegt að löggreglu verði gert kleift að skrá slíkan einstakling í málaskrá löggreglu og hafa eftirlit með skráningu í málaskrá löggreglu, eins lengi og viðkomandi er í starfi sem krefst bakgrunnsathugunar. Skráning skal afmáð úr málaskrá löggreglu láti einstaklingur af starfi sem krefst bakgrunnsathugunar. Talið er mikilvægt að slík útfærsla verði sett fram í reglugerð sem ráðherra setur.

Í b-lið 2. gr. er lögð til sú breyting að í stað þess að kveðið sé á um að til aðstoðar ríkis-löggreglustjóra séu tveir eða fleiri aðstoðarlöggreglustjórar verði sett heimild til að skipa einn aðstoðarríkislöggreglustjóra, verði þess þörf, sem sé ríkislöggreglustjóra til aðstoðar og er þá jafnframt staðgengill hans.

### Um 3. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að löggreglumdænum verði fækkað úr 15 í 8. Þau verði á óbreytt á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum, en ný embætti verði á Vesturlandi, Vestfjörðum, á Norðurlandi vestra, á Norðurlandi eystra, á Austurlandi og á Suðurlandi. Með þessari breytingu er stefnt að því að til verði öflug löggreglulið, sem njóti styrks af stærri liðsheild með færri yfirmönnum og verði hagkvæmari rekstrareiningar til lengri tíma litið. Heppilegt þykir að lögbinda ekki umdæmismörk heldur verði ráðherra veitt heimild til að afmarka þau nánar í reglugerð að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Rökin fyrir því eru einkum þau að fjöldi sveitarfélaga í landinu hefur tekið breytingum undanfarin ár. Gæti verið nauðsynlegt að hnika umdænum til, t.d. vegna sameiningar sveitarfélaga eða jafnvæg vegna eindreginna óska heimamanna í einstökum byggðarlagum um að tilheyra öðru löggreglumdæmi. Þá var talið rétt að kenna embættin ekki við tiltekna þéttbýliskjarna eða sveitarfélög eða taka með öðrum hætti afstöðu til þess í lögunum hvar starfsstöðvar og varðstofur innan umdæmisins séu staðsettir. Tækniframfarir, bættur búnaður löggreglu, ekki síst fjar-skiptabúnaður, og síaukin áhersla á sýnilega löggæslu stuðlar að því að starfsemi löggreglunnar innan umdæmisins sé skipulögð með markvissum hætti þannig að löggæslu gæti sem víðast í umdæminu. Verður það hlutverk löggreglustjóra að skipuleggja starfsemi löggregluliðanna með hliðsjón af löggæsluhörf og fjárveitingum.

Í 2. mgr. er fjallað um umdæmismörk löggregluembætta. Er gert ráð fyrir því að umdæmismörk verði ákveðin að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga með hliðsjón af skipulagi annarrar opinberrar þjónustu samkvæmt landshlutaáætlun. Gert er ráð fyrir að ný umdæmismörk löggreglustjóra verði hin sömu og ný umdæmismörk sýslumanna.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að ráðherra ákveði í reglugerð hvar skuli vera aðalstöð löggreglustjóra. Þá er gert ráð fyrir að samráð skuli haft við löggreglustjóra um það hvar aðrar varðstofur umdæmisins verði staðsettar. Við framangreinda skipulagningu skal jafnframt litið til þess hvernig innra skipulagi sýslumannsembættis verður háttad.

Í 4. mgr. er ákvæði um að löggreglustjóri ákveði hvaða starfslið hefur aðsetur á aðalstöð og á öðrum varðstofum. Er slikt í samræmi við yfirstjórnunarheimildir forstöðumanns.

Í 5. mgr. er lagt til að í stað þess að kveðið sé á um skyldu til að skipa aðstoðarlöggreglustjóra við embættin á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum verði sett heimild til skipunar í slík embætti. Gert er ráð fyrir að aðstoðarlöggreglustjóri sé staðgengill við komandi löggreglustjóra og fullnægi hann þá sömu hæfisskilyrðum og löggreglustjóri, sbr. 2. mgr. 28. gr. Ekki er gert ráð fyrir því að aðstoðarlöggreglustjórar starfi við önnur löggregluembætti en að staðgengill löggreglustjóra, t.d. löglærður fulltrúi embættisins, fullnægi skilyrðum 2. mgr. 28. gr.

Lagt er til að í 7. mgr. verði sérákvæði er lýtur að samræmingu á starfi löggreglunnar. Við það er miðað að störf löggreglu eigi að samhæfa eftir því sem kostur er um allt land.

#### Um 4. gr.

Í þessari grein er lagt til að gerð verði breyting á þeirri skipan frá árinu 2007 að fela sérstökum rannsóknadeildum innan átta löggregluembætta rannsókn alvarlegra og stærri brota þannig að brot framin í einu umdaemi geti sætt rannsókn rannsóknadeildar úr öðru umdæmi. Þetta fyrirkomulag bykir ekki hafa gefist vel að öllu leyti og er nú gert ráð fyrir að meginreglan verði sú að rannsóknir fari fram í því umdæmi þar sem brot er framið. Ekki er kveðið á um að sérstakar rannsóknadeildir verði starfræktar í öllum átta löggregluumdæmunum enda er það óþarfð þar sem rannsóknir skulu fara fram í öllum umdænum. Löggreglurannsóknir samþættast almennu löggreglutarfi í umdæmunum og löggregluembættin eru vegna stækkuunarinnar betur í stakk búin til þess að takast á við slík mál með skilvirkum hætti um leið og þau koma upp. Forræði rannsókna verður í því löggregluumdæmi þar sem brot eru framin eins og áður sagði.

Lagt er til að ákvæði 2.–5. mgr. 8. gr. laganna verði felld brott enda hefur sú heimild að koma á fót greiningardeild er leggi mat á hættu af hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfssemi ekki verið notuð, enda hvorki talið hagfellt né hafa fleiri en eina greiningardeild innan löggreglunnar.

Akvæði núgildandi laga um að löggreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu starfræki tæknideild er þjóni öllum löggregluumdænum landsins er óbreytt og því er ekki ætlast til að hvert umdæmi setji á laggirnar dýra tæknideild. Langflest eða um 70% hegningarálagabrota voru á árinu 2008 framin á höfuðborgarsvæðinu, um 5–7% í hverju hinna nýju umdæma á Suðurlandi, Reykjanesi, Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi og innan við 5% á Austurlandi. Þar sem langflest brotin eru framin á höfuðborgarsvæðinu eða um 70% er skynsamlegt að sérstök tæknideild starfi í sem mestri nálægð við það og stærstu rannsóknadeildina á landinu og viðhaldi með því þekkingu sinni á því sem gerist í rannsóknum þar, haldi sýn á nýjungar í rannsóknum og stuðli að sem bestri samvinnu við aðra rannsakendur. Enda þótt langflest brot séu þeirrar tegundar að rannsókn þeirra krefst ekki flókinna eða sérstakra rannsóknar-

úrræða á það ekki við um allar lögreglurannsóknir. Lögreglurannsóknir alvarlegri brota byggjast stöðugt meira á alþjóðlegum samskiptum og tæknilausnum sem krefjast sérstakrar kunnáttu. Þessi tengsl og sérhæfing verður ekki byggð upp á mörgum stöðum.

#### Um 5. gr.

Sú breyting sem hér er lögð til leiðir af þeirri breytingu sem lögð er til í 1. gr.

#### Um 6. gr.

Hér er fjallað um samstarfsnefnd löggreglu og sveitarfélaga. Er lagt til að sveitarstjórar í þeim sveitarfélögum sem eru innan umdæmisins sitji í nefndinni í stað þeirra sem nú sitja í henni, þ.e. lögreglustjóri viðkomandi umdæmis sem jafnframt er formaður nefndarinnar og tveir sveitarstjórnarmenn tilnefndir af hálfu sveitarstjórnar þeirra sveitarfélaga sem eru í lögreglumdæminu. Er talið skilvirkara að hafa sveitarstjóranar sjálfa í nefndunum. Nauðsynlegt þykir að skapa þann möguleika að fleiri en ein samstarfsnefnd geti starfað í lögreglumdæmi, en við því má búast að á annan tug sveitarfélaga verði í nokkrum lögreglumdæmum.

#### Um 7. gr.

Hér er fjallað um hæfisskilyrði ríkislöggreglustjóra, aðstoðarríkislöggreglustjóra, löggreglustjóra, aðstoðarlöggreglustjóra og skólastjóra Lögregluskóla ríkisins.

Hvað varðar hæfisskilyrði sem gilda um lögreglustjóra er í nágildandi lögum vísað til ákvæða laga nr. 92/1989, um framkvæmdarvald ríkisins í heraði, um hæfisskilyrði sýslumannna. Þar segir að engan megi „skipa sýslumann, nema hann fullnægi almennum skilyrðum til að hljóta skipun í embætti heraðsdómara, öðrum en um lágmarksaldur“. Hinar efnislegu reglur um hæfisskilyrði löggreglustjóra er því að mestu að finna í dómstólalögum, nr. 15/1998, og er hér lagt til að þær verði að mestu leyti teknar upp í löggreglulög, en þeim hæfisskilyrðum þó sleppt sem einkum varða starfsreynslu vegna dómarastarfa. Í ljósi þess að ekki verður skilið milli ákæruvalds og löggreglu er talið rétt að miða við að lögreglustjórar hafi fullnaðarpróf í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi eða háskólapróf í þeirri grein sem metið verður jafngilt. Nýmæli er að bætt er við skilyrði um að lögreglustjóri megi ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem lögreglustjórar verða almennt að njóta.

Öll þessi hæfisskilyrði ná jafnt til ríkislöggreglustjóra, aðstoðarríkislöggreglustjóra og annarra löggreglustjóra sem og aðstoðarlöggreglustjóra, sem er staðengill löggreglustjóra og skólastjóra Lögregluskóla Íslands.

Miðað er við að hæfiskröfur til aðstoðarlöggreglustjóra sem ekki eru staðenglar löggreglustjóra séu óbreyttar frá því sem nú gildir hvað varðar menntun og starfsreynslu, sbr. 3. mgr. 28. gr. nágildandi laga. Þá er lagt til að löggreglustjórar skipi alla lögreglumenn nema yfirlöggreglubjóna og aðstoðaryfirlöggreglubjóna við sitt embætti og er það gert til að undirstrika stjórnunarheimildir löggreglustjóra yfir starfsliði sínu og gera boðleidið skýrari. Eðlilegt er að sá sem ber ábyrgð á störfum undirmanna sinna, skipi starfsmenn sína, enda hefur það stjórnvald sem fer með skipunarvald, jafnframt það hlutverk að veita mönnum áminningu, sbr. 21. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Tekið skal fram að með vísan til 2. mgr. 2. gr. laga um embætti sérstaks saksóknara, nr. 135/2008, getur hann með sama hætti skipað lögreglumenn við sitt embætti, verði tillögur þessar að lögum.

Gerð er sú tillaga að skipanir yfirlöggreglubjóna og aðstoðaryfirlöggreglubjóna færist frá ráðherra til ríkislöggreglustjóra. Rökin fyrir því að færa ekki allar skipanir að fullu til embættanna í einu lagi eru annars vegar þau að heppilegra sé að gera breytingar að þessu

leyti í áföngum og hins vegar það sjónarmið að mikilvægt er að haldið sé á skipunarmálum stjórnenda embættanna með samræmdum og tryggum hætti eftir að hin nýju sameinuðu embætti taka til starfa.

Til álita kom að fella niður núverandi heimild 5. mgr. 28. gr. til þess að ráða menn sem ekki hafa lokið námi frá Löggregluskóla ríkisins tímabundið til löggreglusterfa. Landssamband löggreglumannna hefur m.a. áréttar að það sjónarmið að sambandið sé því algjörlega mótfallið að ráðnir séu til starfa innan löggreglunnar einstaklingar sem ekki hafi hlotið til þess sérstaka menntun og þjálfun frá Löggregluskóla ríkisins. Undir þetta sjónarmið má taka, enda hefur það margsynt sig að ábyrgðarmikil störf löggreglumannna útheimta sérhæfðan undirbúning og þjálfun og hafa stjórnvöld á undanförnum árum lagt á það áherslu að efla starfsemi Löggregluskóla ríkisins. Útskrifuðum löggreglumönnum frá Löggregluskóla Íslands hefur fjölgað á undanförnum árum vegna eflingar skólans. Lögð er áhersla á að það er skýrt hæfisskilyrði að þeir sem skipaðir eða settir eru í stöður löggreglumannna hafi lokið námi frá Löggregluskóla ríkisins. Á hinn bóginn er til þess að líta að heimild 5. mgr. 28. gr. um tímabundna ráðningu í starf löggreglumanns án þess að viðkomandi uppfylli það að skilyrði að hafa lokið námi frá Löggregluskóla ríkisins er mjög þróng og frumvarpið felur ekki í sér breytingu þar á. Tekur heimildin eingöngu til ráðningar til tímabundinna starfa innan löggreglunnar vegna orlofstöku, veikinda- eða slysaforfalla eða tímabundinna leyfa löggreglumannna. Þá er í nágildandi lögum krafist þess að enginn sem hefur próf frá Löggregluskóla ríkisins sé tiltækur í stöðuna og að viðkomandi uppfylli sérstök hæfisskilyrði 2. mgr. 38. gr. löggreglulaga, þ.m.t. að standast inntökupróf í Löggregluskóla ríkisins samkvæmt kröfum valnefndar með áherslu á íslensku og þrek. Því var horfið frá því að fella þessa heimild niður um sinn.

#### Um 8. gr.

Um er að ræða nýmæli þar sem kveðið er á um að löggreglumenn sem og aðrir sem starfa innan löggreglunnar skuli ekki hafa gerst sekir um refsivert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem starfsmenn löggreglu verða almennt að njóta. Sambærilegar hæfiskröfur eru gerðar til hæstaréttar- og héraðsdómara sbr. lög um dómkóðuna, nr. 25/1998, og til sérfróðra meðdómsmanna samkvæmt ákvæðum laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Við túlkun á því hvað teljist refsivert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningsáliti er litið til 1. mgr. 5. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis, þar sem kemur fram að enginn telst hafa óflekkad mannorð sem er sekur eftir dómi um verk sem er svívirðilegt að almenningsáliti nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar. Í 2. mgr. sömu greinar kemur fram að dómur fyrir refsivert brot hefur ekki flekkun mannorðs í för með sér nema sakborningur hafi verið fullra 18 ára að aldri er hann framdi brotið og refsing sé fjögurra mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæsla sé dæmd. Af þessu leiðir að brot sem hefur flekkun mannorðs í för með telst vera svívirðilegt að almenningsáliti.

Löggreglu er þannig heimilt að sannreyna að hæfisskilyrði sé uppfyllt með því að afla að eigin frumkvæði upplýsinga úr sakaskrá og málaskrám löggreglu.

#### Um 9. gr.

Þá breytingu sem hér er lögð til leiðir af breytingum sem lagt er til að gerðar verði á 4. mgr. 28. gr. löggreglulaga, sbr. 7. gr. frumvarpsins.

### Um 10. gr.

Vísað er til athugasemda við 7. gr. frumvarpsins. Hér er kveðið á um að löggreglumanns-efni þurfi að uppfylla sömu skilyrði og löggreglumenn, sbr. 28. gr. a, sjá 8. gr. frumvarpsins. Valnefnd Löggregluskóla ríkisins verði heimilt að staðreyna hvort viðkomandi uppfylli skilyrði b-liðar greinarinnar og afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrám löggreglu í því skyni. Breytingar á 3. mgr. leiðir af fyrirhuguðum aðskilnaði á embættum löggreglustjóra og sýslumanna og því yfirtekur Löggreglustjórafélagið það hlutverk Sýslumannafélagsins að tilnefna í valnefnd skólans.

### Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir því að lögin öðlist gildi 1. janúar 2015 hvað varðar breytingar á umdænum og aðskilnað löggreglustjóra og sýslumanna, en önnur ákvæði frumvarpsins öðlist þegar gildi, þ.m.t. ákvæði frumvarpsins um flutning tiltekinna verkefna frá löggreglustjórum, sbr. 12. gr., ákvæði varðandi framkvæmd bakgrunnsathugana og útgáfu öryggisvottana hjá löggreglu, sbr. 2. gr., ákvæði varðandi samstarfsnefndir löggreglu og sveitarfélags, sbr. 6. gr., breytingar á skipunarvaldi innan lögreglunnar, sbr. 7. gr., auk strangari reglna varðandi hæfiskröfur til löggreglumann og löggreglumannsefna, sbr. 8. og 10. gr. Breytingar á 1. gr., b-lið 2. gr. og 5. gr. má segja að séu tæknilegs eðlis. Þá er miðað við að ákvæði I og II til bráðabirgða öðlist þegar gildi enda mikilvægt að skýrt umboð sé til þess að hefja nauðsynlegan undirbúning nýrra löggregluembætta, þ.e. annarra löggregluembætta en embætta löggreglustjóranna á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum þar sem breytingar á umdæmaskipan samkvæmt frumvarpinu taka ekki til þeirra.

### Um 12. gr.

Hér eru gerðar breytingar á ýmsum lögum sem miða að aðskilnaði löggreglustjóra og sýslumanna. Lagt er til að ýmsar leyfisveitingar, sem nú eru í höndum löggreglu, færst til sýslumanna, en raunin hefur verið sú að mikill fjöldi þessara leyfa hefur í reynd verið afgreiddur af almennum starfsmönnum sýslumannsembættanna.

### Um ákvæði til bráðabirgða I.

Í upphafi er tekið fram að ráðherra skuli skipa verkefnistjórn sem hefur með höndum undirbúning þeirra breytinga sem lög þessi mæla fyrir um skv nánari ákvörðun ráðherra.

Þegar kveða á um umdæmismörk í fyrra sinn, eða ákveða skipulag embættis innan umdæmisins skal fara eftir 3. gr. frumvarpsins við setningu þeirra reglugerða sem ákvæðið kveður á um. Ekki er gert ráð fyrir að farið sé að ákvæðum nágildandi laga við þá vinnu, þar sem breyta á nágildandi skipan embættanna í samræmi við það frumvarp sem hér er lagt fram og um gríðarlega kerfisbreytingu er að ræða, bæði á embættum löggreglustjóra og sýslumanna. Þar af leiðandi er nauðsynlegt að bæði löggreglu- og sýslumannsembætti verði skipulögð með hliðsjón hvort af öðru, skipulagi opinberrar þjónustu, sem og með hliðsjón af landfræðilegum aðstæðum.

Þau embætti löggreglustjóra sem kveðið er á um í 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. nágildandi lögreglugлага verða lögð niður og ný embætti búin til á grunni þeirra. Af því leiðir að í ákvæðinu er kveðið á um forgang starfandi löggreglustjóra við samþykkt laganna til skipunar eða flutnings á grundvelli laga nr. 70/1996 í ný embætti löggreglustjóra. Ekki þarf að auglýsa embættin laus til umsóknar skv. 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Við val á lögreglustjórum í hin nýju embætti skal leitast við að þeir verði allir valdir á sama tíma og það einnig gert samhlíða vali á sýslumönnum samkvæmt frumvarpi því sem lagt hefur verið fram til laga um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði. Gefa skal starfandi lögreglustjórum skv. 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. núgildandi lögreglulaga kost á að sækjast eftir nýju embætti lögreglustjóra skv. 3.–8. tölul. 1. mgr. 3. gr. frumvarps þessu og skal við innbyrðis val á milli þeirra um hver gegni hvaða embætti gæta að málefnalegum sjónarmiðum. Framangreint á ekki við um embætti lögreglustjórnana á höfuðborgarsvæðinu eða á Suðurnesjum, þar sem þau embætti verða ekki lögð niður með frumvarpi þessu og munu þau ekki taka neinum breytingum samkvæmt þessu frumvarpi.

Fái starfandi lögreglustjóri ekki skipun eða flutning í nýtt embætti samkvæmt frumvarpi þessu skal leitast við að bjóða honum starf hjá embætti lögreglu, sýslumanns eða laus störf á umsýslusviði ráðuneytisins, sé slíkt mögulegt. Hér getur t.d. verið um að ræða störf hjá stofnunum eða í ráðuneytinu, sbr. þau verkefni sem því ráðuneyti sem fer með málefni lögreglu og löggæslu er falið samkvæmt forsetaúrskurði nr. 125/2011, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands. Í ákvæðinu er áréttar að ekki þarf að auglýsa þau embætti eða störf laus til umsóknar sem hér eru til umfjöllunar, enda á að reyna að koma í veg fyrir að nokkur af núverandi embættis- eða starfsmönnum embættanna verði atvinnulaus við breytingarnar. Í því ljósi kann að vera þörf á ákveðnu svigrúmi til að tryggja viðkomandi embættis- og starfsmönnum störf hjá hinu opinbera, enda er um gríðarlega breytingu að ræða á skipulagi opinberrar þjónustu sem á sér vart fordæmi. Þeir embættismenn sem skipaðir eru í ný embætti skulu ekki missa í neinu þau réttindi sem þeir hafa áunnið sér samkvæmt ákvæðum laga nr. 70/1996.

Við ráðstöfun starfa og embætta samkvæmt ákvæðinu er sérstaklega tekið fram að ekki þurfi að auglýsa störfin laus til umsóknar skv. 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þá skulu lögreglustjórar eiga þess kost að lýsa því yfir að þeir muni ekki sækjast eftir nýju embætti lögreglustjóra. Hefja þeir þá töku biðlauna í samræmi við ákvæði 34. gr. laga nr. 70/1996, enda hefur embætti þeirra verið lagt niður með lögum þessum.

#### Um ákvæði til bráðabirgða II.

Hér eru tekin af tvímæli um að ný embætti lögreglustjóra skv. 3. gr. frumvarpsins taki við öllum réttindum, eignum og skyldum þeirra lögregluembætta sem þau leysa af hólmi. Embættin munu þó ekki taka við þeim réttindum og skyldum sem tilheyra sýslumannshlutanum, en samkvæmt nýju skipulagi verða lögreglustjórar ekki jafnframt sýslumenn. Í ákvæðinu er jafnframt kveðið á um að eftir að lögreglustjórar hafa verið valdir og skipulag embættanna mótað, skuli hefja vinnu við að bjóða starfsfólk eldri embætta störf á nýjum embættum innan hvers umdæmis. Við þá vinnu verða sýslumaður og lögreglustjóri þeirra umdæma sem stofnuð hafa verið á grunni eldri embætta að hafa samvinnu. Gengið er út frá því að lögreglumenn verði áfram skipaðir við ný embætti lögreglustjóra. Leitast skal við að raska högum starfsfólks sem minnst og fá fram afstöðu starfsfólks núverandi embætta til þess hvort þeim hugnist að starfa á embætti lögreglustjóra eða sýslumanns. Skal reynt að koma til móts við óskir starfsmanna, sé það mögulegt. Að þetta getur reynt þegar starfsmaður sem sinnir starfi við lögregluhluta innan núverandi embættis, en samsvarandi starf innan lögreglu verður ekki staðsett á þeim stað sem viðkomandi starfar eða býr, en aftur á móti getur verið um það að ræða að svipað starf verði til innan embættis sýslumanns. Skal þá leitast við að bjóða honum það, sé það hægt. Varðandi lögreglumenn gildir það að meginreglu að þeir skulu skipaðir við ný lögregluembætti.

Núverandi starfsfólk á við breytingarnar ekki að missa áunnin kjör sem það hefur aflað sér, að öðru leyti en því sem greinir í ákvædinu. Í þessu samhengi skal hafa í huga ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Rétt er að taka fram að embættis- eða starfsmenn kunna þó að þurfa að hlíta breytingum á starfi sínu eða starfsstigi vegna þeirra skipulagsbreytinga sem þetta frumvarp kveður á um, eða sem leiðir af sameiningu embætta í hverju umdæmi og af uppskiptingu milli löggreglu og sýslumanns, með hliðsjón af nýju skipuriti. Komi upp sú staða að ekki sé unnt að bjóða embættis- eða starfsmanni embætti eða starf við nýtt embætti löggreglu eða sýslumanns og öll slík úrræði taemd, skal leitast við að bjóða honum starf á umsýslusviði þess ráðuneytis sem fer með málefni löggreglu og lög-gæslu sé það mögulegt. Hér getur t.d. verið um að ræða störf hjá stofnunum eða ráðuneytinu, sbr. þau verkefni sem ráðuneytinu er falið samkvæmt forsetaúrskurði nr. 125/2011, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands. Leitast á við að enginn af núverandi embættis- eða starfsmönnum embættanna verði atvinnulaus við breytingarnar. Í því ljósi kann að vera þörf á ákveðnu svigrúmi til að tryggja viðkomandi embættis- eða starfsmönnum störf hjá hinu opinbera, enda er um gríðarlega breytingu að ræða á skipulagi opinberrar þjónustu sem á sér vart fordæmi. Í ákvædinu er áréttar að ekki þarf auglýsa þau störf laus til umsóknar sem hér eru til umfjöllunar í samræmi við ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996. Ákvæðið öðlast þegar gildi og fellur úr gildi 1. janúar 2015.

#### Um ákvæði til bráðabirgða III.

Ákvæði til bráðabirgða III kveður á um heimild til ráðherra að sameina embætti löggreglurstjóra í hverju umdæmi fyrr en lögin kveða á um. Ákvæðið víkur til hliðar 6. gr. löggreglulaga, sbr. 2. gr. núgildandi laga nr. 92/1989, um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, þar sem m.a. er kveðið á um fjölda umdæma. Slíkt getur t.d. átt við í þeim tilvikum þar sem ekkert er að vanbúnaði við að sameina embætti löggreglustjóra, lokið hefur verið við að skipa sýslumann og löggreglustjóra í umdæmið og þeir eru jafnvel þeir einu sem enn eru starfandi í umdæminu samkvæmt eldra skipulagi. Jafnframt þarf að hafa verið lokið við að ákveða hvar embættið skuli hafa aðsetur, þjónustustöðvar og ráða starfsfólk. Í þeim tilvikum þar sem aðstæður eru með þessum hætti, kann að vera fjárhagslegur ávinnungur af því að sameina embættin sem fyrst, svo unnt sé að vinna eftir nýju skipulagi og ná fyrr fram þeirri hagræðingu í rekstri sem stefnt er að. Slíkt er einnig til hagsbóta fyrir starfsfólk. Nauðsynlegt er að breyting sem þessi sé birt og kunngerð almenningi, þá í reglugerð sem skal birt með stoð í þessu ákvæði. Ákvæði þetta víkur því til hliðar núgildandi lagaákvæðum um umdæmaskipan að því marki sem það varðar það umdæmi sem er til umfjöllunar. Ákvæðið öðlast þegar gildi og fellur úr gildi 1. janúar 2015.

## **Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,  
fjárlagaskrifstofa:*

### **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996, með síðari breytingum.**

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögregluumdæmin í landinu verði átta í stað fimmtán eins og nú er og einnig er gert ráð fyrir aðskilnaði á embættum lögreglustjóra og sýslumanna. Í tengslum við það er lagt til að ráðherra verði heimilt að fela sýslumönnum að fara með daglega lögreglustjórn í umboði lögreglustjóra á tilteknun svæðum með tilliti til sérstakra aðstæðna í einstökum landshlutum. Fyrir þessari breytingu eru talin vera bæði fagleg og fjárhagsleg rök. Með stækkun lögregluumdæma er stefnt að því að standa vörð um grunnþjónustu lögreglunnar og auka samhæfingu og samstarf. Þá má með stærri rekstrareiningum ná fram meiri hagkvæmni í rekstri en raunhæft er að miða við í mjög fámennum lögregluliðum. Er gert ráð fyrir að samhliða lagabreytingunni verði gerð ný skipurit embætta með það fyrir augum að draga úr kostnaði við yfirstjórn, mæta niðurskurði liðinna ára og fyrirsjáanlegu aðhaldi í ríkisfjármálum á næstu árum.

Gert er ráð fyrir að frumvarp þetta taki gildi 1. janúar 2015. Áformáð er að vinna að útfærslu á fjárhagsramma einstakra embætta í innanríkisráðuneytinu og stofnana þess á komandi missirum og að þeirri vinnu ljúki fyrir gildistöku laganna. Meðal annars þarf að taka mið af útfærslu þáttu eins og meginskipulags, endurskoðunar starfsstiga, áhrifa af tilfærslu verkefna o.fl. Einnig þarf að útfæra fjárhagslegan aðskilnað lögregluembætta og sýslumannembætta, en gert er ráð fyrir að þar sem embættismenn færst úr störfum sýslumanna inn í hin nýju lögregluembætti muni sýslumenn í aðliggjandi sýslumannsumdæmum verða settir til að fara með þau embætti sem þannig losna.

Fyrirhugað er að skipa verkefnisstjórn til að stýra breytingaferlinu, samræma framkvæmd og styðja lögreglustjóra við uppbyggingu viðkomandi embætta. Þá er gert ráð fyrir að verkefnisstjórnin stýri tilfærslu verkefna. Verkefnisstjórninni er ætlað að útfæra samrunaáætlun en það er verk-, tíma- og kostnaðaráætlun um framkvæmd lagabreytinganna. Í áætluninni verði fjallað um það sem þarf að gera á hverjum tíma í innleiðingarferlinu og hve miklum tíma og fjármunum verður varið til verksins. Í þessum undirbúningi felst að móta meginstefnu um uppbyggingu, skipulag og viðfangsefni lögregluembætta. Undir það falla þættir eins og gerð skipurita, staðsetning starfsstöðva, húsnæði, breytingar á starfsmannahaldi, endurmat starfsstiga og áætlun um tilfærslu verkefna. Eitt lykilverkefni í þessu sambandi er greining og útfærsla aðskilnaðar lögregluembætta og sýslumannsembætta.

Gert er ráð fyrir að ný lögregluembætti taki við öllum réttindum og skyldum þeirra embætta sem fyrir eru, þar á meðal öllum starfsmönnum á sömu kjörum og áður, að undanskildum lögreglustjórunum sjálfum. Um starfslok þeirra gilda ákvæði starfsmannalaga um niðurlagningu stöðu. Gert er ráð fyrir að embættin starfi í óbreyttu formi þar til nýtt skipulag þeirra tekur gildi 1. janúar 2015. Sá tími frá því að lögreglustjórar verða skipaðir við ný embætti og þangað til hin nýju embætti taka til starfa verður nýttur til að móta alla meginþætti starfsemi nýrra embætta.

Samhliða frumvarpi þessu er lagt fram frumvarp til laga um framkvæmdarvald og stjórn-sýslu ríkisins í héraði, þar sem lögð er til fækkun sýslumannsembætta í landinu úr tuttugu og fjórum í átta. Vísað er til umsagnar um það frumvarp hvað varðar þá þætti.

Innanríkisráðuneytið gerir ekki ráð fyrir því að frumvarpið leiði til breytinga á núverandi fjárveitingum til málafloksins. Skipulagsbreytingarnar muni hafa í för með sér að ný og stærri embætti geti betur sinnt lögbundnum skyldum sínum og náð þeim aðhaldsmarkmiðum sem þeim hafa verið sett á undanförum árum. Að mati fjármálaráðuneytis má ætla að frumvarpið geti gefið færi á verulegri hagræðingu í rekstri lögglustofnana. Hins vegar er áform-að af hálfu innanríkisráðuneytis að nýta það svigrúm sem kann að felast í endurskipulagning-unni til að mæta aðhaldskröfum liðinna ára en einnig til að efla ýmis verkefni og auka þar með kostnað á öðrum sviðum innan málafloksins.

Á vegum innanríkisráðuneytisins hefur ekki farið fram greining á fyrirkomulagi nýrra löggregluembætta né liggja fyrir rekstraráætlanir um endurskipulagða starfsemi þannig að hægt sé með góðu móti að leggja mat á þessa þætti. Ekki liggur heldur fyrir mat á mögulegum biðlaunarétti embættismanna sem og annarra starfsmanna sem falla undir ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, og ráðnir voru fyrir gildistöku þeirra 1. júní 1996. Það kynni að hafa verið heppilegra í þessu tilliti að vinna verkefnisstjórnar hefði verið framkvæmd áður en lagafrumvarpið kom fram, þannig að fyrir lægi hver ávinningur af breytingum væri og hvernig ráðstafa mætti þeim fjármunum í samhengi við fjárhheimildir til málafloksins á komandi árum. Ekki síst í ljósi þess að nokkuð er síðan að áform um slíka verkefnisstjórn voru lögð fram í frumvarpi á 138. löggjafarþingi 2009–2010 sem ekki náði fram að ganga.

Þar sem ekki liggja fyrir af hálfu innanríkisráðuneytisins rekstraráætlanir og stjórnsýslu-greining um áformaða starfsemi endurskipulagðra lögglustofnana er ekki unnt að meta fjárhagsleg áhrif af lögfestingu frumvarpsins. Ætla verður að starfsemin verði eftir sem áður lögð að útgjaldaramma málafloksins samhliða því sem leitast verði við eins og kostur er að draga úr tilkostnaði við hana til að styðja við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um að jöfn-udur náist í ríkisfjármálum árið 2014.